

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Lisdexamfetamin (Elvanse Adult® og Volidax)

ATC flokkur: N06BA12 – lisdexamfetamín

Dagsetning: 1. september 2024

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku:

- Truflun á virkni og athygli - ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) **ICD-10 F90.0** eða eingöngu athyglisbrestur án ofvirkni.

og

- Meðferð með metýlfenídat lyfjum hefur reynst ófullnægjandi eða er ekki valkostur vegna frábendinga og/eða aukaverkana.

Greiningin á ADHD skal framkvæmd samkvæmt klínískum leiðbeiningum Embættis landlæknis <https://island.is/cliniskar-leidbeiningar>) af sérfræðingi sem hefur sérhæft sig í greiningu á ADHD.

Fyrsta umsókn fyrir einstaklinga með ADHD skal gerð af geðlækni, barna- og unglingsgeðlækni eða barnalækni með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglings.

Í umsókn skal koma fram hvaða athugunum og rannsóknum greiningin byggist á, þ.m.t. sjúkrasaga einstaklings, rannsóknir, greiningartæki, hvernig eftirfylgd er háttað og fyrirhugaður dagsskammtur.

Ef meira en 5 ár eru liðin frá því meðferð með örvandi ADHD lyfi var hætt þarf geðlæknir að sækja um endurnýjun lyfjaskírteini.

Þegar sótt er um lyfjaskírteini er lyfjanotkun viðkomandi skoðuð með tilliti til notkunar á m.a. svefn-, kvíðastillandi- og sterkum verkjalyfjum.

Þegar lyfjanotkun er umfram ráðlagða dagsskammta eða verið er að nota mörg svefn-, kvíðastillandi og verkjalyf þarf rök fyrir þeirri notkun. Rökstyðja þarf ef hefja á meðferð með lisdexamfetamini fyrir einstakling sem hefur sögu um neyslu fíkniefna eða misnotkun lyfja/áfengis. Í ofangreindum tilfellum getur lyfjagæild Sí óskað eftir mati geðlæknis með sérþekkingu á ADHD.

Gildistími:

Börn - 3 ár

Fullorðnir - 2 ár

Í einstaka tilfellum getur gildistími verið styttri.